



## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	30. nóvember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

### Frá Veðurstofu

Niðurstöður úttektar í dag, fimmtudaginn 30. nóvember kl 08:00, eru á þá leið að við ályktum að hættumatskort frá 22. nóvember (Kort 1) sé ennþá í gildi.

#### Lýsing á skilgreindum svæðum sbr. Kort 1:

##### *Hættusvæði A*

Hætta vegna jarðhræringa og eldgosavár (þar á meðal hættulegar sprungur, hraunflæði og gasmengun).

##### *Hættusvæði B*

Til viðbótar við svæði A: Gosopnun með stuttum fyrirvara.

##### *Hættusvæði C*

Til viðbótar við svæði A og B: Auknar líkur á gosopnun. Gæta þarf að flóttaleiðum, bera gasmæla og gasgrímur ef farið er inn á svæðið.

#### Nánari upplýsingar:


##### *Jarðskjálftar*

Jarðskjálftavirkni sl. sólarhring svipuð og dagana á undan (170 jarðskjálftar mælst síðan miðnætti á svipað dýpi um 4 km), aðallega um miðbik gangsins.

##### *Aflögun*

Landris heldur áfram í Svartsengi og færslur mælast enn yfir kvikuganginum, en hafa hægt á sér.

Minnkandi jarðskjálftavirkni og hægara landris gæti bent til þess að þessi umbrot séu í rúnun, en þó er of snemmt að slá því föstu. Einnig skal fyrirvari hafður á sökum þess að mjög lítil aflögun mældist dagana fyrir gos í Fagradalsfjalli og því þarf enn að hafa allan vara á. Þótt mikið hafi dregið úr virkni þá eru ennþá einhverjar líkur á gosi en minnka eftir því sem dagarnir líða og dregur úr þenslumerkjum.



Kort 1

## Aðgengi að svæðinu

Aðgengi að Grindavík er stýrt af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum en í dag er opið fyrir íbúa, fyrirtæki og fjölmiðla að Grindavík á milli 07:00 og 17:00 á daginn. Ekki er leyfilegt að dvelja í Grindavík utan þess tímaramma.

Aðgengi að Grindavík verður stýrt frá lokunarpóstum á Nesvegi (lokað til austurs frá Brimkatli) og Suðurstrandavegi. Grindavíkur vegur verður áfram lokaður.

## Annað

Vegna aðgerða Landsnets við varnargarð í Svartsengi, þá mun Grindavíkurbæ verða séð fyrir rafmagni með varaafsvélum á morgun. Varaafsvélarnar eru þrjár og samanlögð orka vélanna er um 3,5 MV. Aðgerðin hófst kl. 08:00 í morgun og orkuverið var tekið út kl. 09:00. Áætlað er að framkvæmdin taki um 12 klukkustundir, eða til kl.20:00.

Búið er að upplýsa fyrirtæki á svæðinu. Íbúar sem verða á svæðinu á morgun eru hvattir til að reyna eftir fremsta megni að lágmarka orkunotkun á meðan þeir dvelja á svæðinu.



### **Beiðnir frá Ferðaþjónustunni.**

Eftir samtal við Áfangastaðinn Reykjanes í gær óskaði Ferðamálastofa eftir að lokunarpóstur á Suðurstrandarvegi yrði færður frá gatnamótum Krísvíkurvegar og Suðurstrandarvegar að afleggjara að Selatöngum. Með því myndu eftirfarandi áfangastaðir opnast almenningi og ferðamönnum:

- Krísvíkurbjarg
- Húshólmi
- Selatangar
- Katlahraun

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099